

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 160/1999

frá 26. nóvember 1999

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 104/1999 frá 24. september 1999⁽¹⁾.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/4/EB frá 22. febrúar 1999 um kaffikjarna og síkóríukjarna⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/4/EB er tilskipun ráðsins 77/436/EBE frá 27. júní 1977 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi kaffikjarna og síkóríukjarna, sem er hluti af samningnum, felld úr gildi, frá og með 13. september 2000, og því ber að fella hana út úr samningnum.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 54s (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/53/EB) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

„54t. **399 L 0004**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/4/EB frá 22. febrúar 1999 um kaffikjarna og síkóríukjarna (Stjtið. EB L 66, 13.3.1999, bls. 26).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 325, 21.12.2000, bls. 8 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 60, 21.12.2000, bls. 193.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 66, 13.3.1999, bls. 26.

2. gr.

Texti 14. liðar (tilskipun ráðsins 77/436/EBE) í XII. kafla II. viðauka við samninginn falli úr gildi frá 13. september 2000.

3. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 1999/4/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. nóvember 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 26. nóvember 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

N. v. Liechtenstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner